



Forsætisnefnd

Reykjavík, 23. mars 2026

MSS26020039

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði um lengingu opnunartíma sundlauga

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 20. mars 2026 var lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 11. febrúar 2026 þar sem fram kemur að á fundi borgarstjórnar 10. febrúar 2026 hafi verið lögð fram tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um lengingu opnunartíma sundlauga.

Tillögunni var vísað til meðferðar menningar- og íþróttaráðs.

Menningar- og íþróttaráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar samstarfsflokka þakka fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Bústaða og Háaleitis fyrir tillögu um lengingu opnunartíma sundlauga. Samstarfsflokkarnir stóðu að lengingu opnunartíma sundlauga síðastliðið sumar til kl. 22 á kvöldin og stigin hafa verið skref til að auka opnun á rauðum dögum undanfarin misseri. Sund er mikilvæg heilsubót en það hefur líka mikilvægt gildi ekki síst fyrir ungmenni að fara í sund bæði félagslega og í forvarnarskyni. Frekari lenging opnunartíma kallar hins vegar á auknar fjárveitingar sem þarf að mæta í undirbúningi fjárhagsáætlunar næsta árs. Tillögunni er því vísað til fjárhagsáætlunargerðar sem kemur til kasta nýrrar borgarstjórnar.

Fulltrúar Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Viðreisnar fagna erindi frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða varðandi opnunartíma sundlauga. Símalaus samskipti í heilbrigðu umhverfi er eitthvað sem við viljum hiklaust bjóða meira af. Í tilfelli sem þessu er mikilvægt að rýna kostnað og fjölda heimsóknna eftir sundlaugum og ígrunda vel hvernig mæta má sem flestum borgarbúum með góðum hætti. Einnig mætti skoða sóknarfæri varðandi að nýta sundlaugar meira sem vettvang fyrir félagsmiðstöðvar, fræðslu og viðburði. Við eigum þeirra frábæra vettvang og gaman væri að sjá grósku í sókn hjá ólíkum hópum.

Helga Björnsdóttir
skrifstofu menningar- og íþróttasviðs

Afrit:

Hulda V Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri frístundastarfs SFS

Ása Kristín Einarsdóttir, verkefnisstjóri frístundastarfs SFS



Reykjavík